


Ráðhús Reykjavíkur, mannréttindaskrifstofa
b.t. Önnu Kristinsdóttur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 14. maí 2018

Tilvísun: 2018050831VS/--

Persónuvernd hefur borist erindi yðar, dags. 3. maí 2018, þar sem óskað er eftir heimild Persónuverndar til að senda smáskilaboð á þá kjósendur sem nú kjósa í fyrsta sinn, í komandi sveitarstjórnarkosningum, til að upplýsa þá um staðsetningu kjörstaðar og fyrirkomulag kosningar. Í erindinu kemur fram að framangreint verði unnið í samvinnu við rannsakendur við Háskóla Íslands.

Persónuvernd bendir á að sú vinnsla persónuupplýsinga sem vísað er til í erindi yðar er ekki leyfisskyld samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Öll vinnsla persónuupplýsinga, samkvæmt lögnum, þarf hins vegar að styðjast við einhverja þá heimild sem greinir í 1. mgr. 8. gr. laganna. Ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða þarf einnig að vera fyrir hendi eitthvert þeirra skilyrða sem greinir í 1. mgr. 9. gr. laganna.

Sá sem ber ábyrgð á að vinnsla persónuupplýsinga samþýmist lögum nr. 77/2000 er nefndur ábyrgðaraðili. Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laganna er þar átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Eins og hér háttar til telst Reykjavíkurborg vera ábyrgðaraðili að umræddri vinnslu.

Það er hlutverk ábyrgðaraðila að meta hvort fullnægjandi heimild sé fyrir vinnslunni. Í því máli sem hér er ræðir er þá helst að líta til 5. töluliðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, sem heimilar vinnslu almennra persónuupplýsinga sé hún nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna.

Það er einnig hlutverk ábyrgðaraðila að gæta að því að vinnslan fullnægi grunnkröfunum um gæði gagna og vinnslu í 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Þá skal bent á að í III. kafla laga nr. 77/2000 eru ákvæði sem tryggja einstaklingum rétt til upplýsinga um þá vinnslu sem fram fer um persónuupplýsingar þeirra auk þess sem lögð er á ábyrgðaraðila víðtæk fræðslu- og viðvörunarskylda. Er í 21. gr. laganna sérstaklega kveðið á um fræðsluskyldu þegar upplýsinga er aflað hjá öðrum en skráðum einstaklingum sjálfum og getur hún átt við sé það ætlun Reykjavíkurborgar að afla upplýsinga frá Þjóðskrá Íslands.

Í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 er fjallað um andmælarétt hins skráða gegn notkun á nafni hans vegna starfs í þágu markaðssetningar og kveðið á um bannskrá Þjóðskrár Íslands. Samkvæmt efni ákvæðisins nær bannskráin aðeins til notkunar á upplýsingum í markaðssetningarstarfsemi. Persónuvernd hefur í framkvæmd þurft að taka afstöðu til þess hvað telst til markaðssetningarstarfsemi samkvæmt framangreindu ákvæði og má í því sambandi vísa m.a. til úrskurða stofnunarinnar í málum nr. 2010/497 og 2014/796. Í fyrrnefnda úrskurðinum kemur m.a. fram að undir hugtakið *markaðssetning* falli öll vinnsla við beina sókn að skilgreindum hópi einstaklinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á þá, skoðanir þeirra eða hegðun. Það geti einnig átt við sókn sem fari fram til að afla fylgis við tiltekna menn og málefni. Ekki verður séð að slíkt eigi við hér enda er sú vinnsla sem í erindi yðar greinir ekki í þeim tilgangi að afla fylgis við tilteknar stjórnsmálhreyfingar, menn eða málefni, heldur til almennrar vitundarvakningar og upplýsinga um kosningarétt, framkvæmd kosninga og kjörstaði.

Í síðarnefnda úrskurðinum kemur m.a. fram að í lögum nr. 77/2000 sé hugtakið *markaðssetningarstarfsemi* ekki skilgreint en finna megi ákvæði í öðrum lögum sem unnt sé að hafa hliðsjón af í því sambandi. Af öðrum lagaákvæðum megi ráða að með *markaðssetningu* eða *markaðssetningarstarfsemi* sé fyrst og fremst átt við einhvers konar viðskipti með, eða kynningu á, vörum og/eða þjónustu, sem veitt sé gegn greiðslu. Með vísan til þess sem að framan er rakið verður heldur ekki séð að slíkt eigi við um þá vinnslu sem í erindi yðar greinir.

Persónuvernd ítrekar að það er í hlutverki ábyrgðaraðila að gæta að því að öll vinnsla persónuupplýsinga samrýmist lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Að því sögðu er það von stofnunarinnar að framangreint nýtist sem leiðbeiningar um hvers þurfi að gæta að við þá vinnslu sem í erindi yðar greinir.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Valborg Steingrimsdóttir